

Stjórnarfundur 7. febrúar 2024 í Vindási

Mættir: Eyþór Gíslason, Ólafur Axel Björnsson, Friðrikka Ásmundsdóttir, Steinunn Árnadóttir, Rósa Björk Jónsdóttir, Gunnar Halldórsson, Halldór Sigurkarlsson og Kristín Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir Brynja Gná Bergmann Heiðarsdóttir, Gyða Helgadóttir og Baldur Pétursson ferða- og skemmtinefnd,

Fundur settur Eyþór stjórnaði, gestir boðnir velkomnir.

Skemmtinefndin stefnir á að halda 2 stóra viðburði á árinu, kótiletukvöld og uppskeruhátíð ásamt ýmsu öðru. Þessir stóru viðburðir væru í samstarfi við stjórn og aðrar nefndir.

Meðal hugmynda: föstudagslanga reið Hvanneyri – Borgarnes. Athuga rútuferð á t.d. stóðhestaveisluna, reglulegir reiðtúrar í hverfinu. Vorferð tveggja til þriggja daga í Húsafell eða Lidartungu. Reiðtúr undir Melabakka í sumar. Nefndin ætlar að funda fljótlega og fastsetja dagsetningar.

Fjórðungsmót. Eyþór fór á formannafund hestamannafélaganna á Vesturlandi. Til umræðu var hvort ætti að halda fjórðungsmót 2025. Þar kom upp sú tillaga að halda Fm í Borgarnesi með sama sniði og síðast. Þ.e. haldið af félögunum 4 á Vesturlandi og bjóða Skagfirðing, Þyt og Neista að taka þátt. Yrði haldið fyrstu helgina í júlí 2025. EG lagði fram samning sem var gerður fyrir síðasta mót til skoðunar og hvort hægt væri að nota til viðmiðunar. Þarf að sækja tímanlega um styrki til fyrirtækja og sveitarfélaga. Ætti að ráða framkvæmdastjóri, kom vel út síðast.

Þarf að laga endann á beinu brautinni – malbikið. Slysahætta að hafa þetta svona.

Stjórnin samþykkir að halda mótið!

Sameiginleg úrtaka fyrir landsmót í Borgarnesi, tvöföld úrtaka. 8. og 9. júní 2024.

Æskulýðsdagur félaganna á Vesturlandi. Tillaga að halda sameiginlega æskulýðsdag. Yrði haldinn í Faxaborg. Æskulýðsnefndirnar eru með það.

Uppskeruhátíð Vesturlands. Verður haldin í Borgarnesi í haust. Borgfirðingur sér um hana. Finna stað og stund sem rúmar hátíðina.

Staða LH þings. Búið að auglýsa þingið í október.

Bjarnhólar. Byrjað að rukka fyrir úrganginn sem fer þangað. Væri hægt að gera einhversstaðar pytt þar sem hægt væri að losa? Þá þyrfti að vera eftirlit með því, ýta haugnum upp o.þ. Ef fólk vildi sækja skít í garða og tún þá væri það velkomið.

Dansleikur síðasta vetrardag. Ætlum við að halda dansleik, góður hagnaður af síðasta dansleik og gekk vel. Samþykkt að halda dansleik.

Sambandsþing UMSB. Verður hjá umf Dagrenningu þetta árið.

Vesturlandssýning. Eigum við að halda hana? Þyrfti að finna góðan hóp til að sjá um sýningu.

Auglýsingar í reiðhöllinni. Búið að tala við nokkra aðila um áframhaldandi auglýsingar og gengur vel.

Vesturlandsdeildin, þarf myndatökumann fyrir Alendis til að taka upp hesta í braut.

Frá fræðslunefnd. Þau eru búin að halda tvo viðburði sem hafa gengið vel. Vilja fá leyfi stjórnar til að kaupa spegla í reiðhöllina fyrir hagnaðinn. Stjórnin tekur vel í erindið. Ólafur verður með nefndinni í að fá tilboð og athuga með hagstæða uppsetningu.

Verið að athuga með brokkspírur í höllina. Vantar nauðsynlega.

Steinunn kom með auglýsingu frá Rannís sem auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði til verkefna sem tengjast tilgangi sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka. Sérstök áhersla verður að þessu sinni að styrkja verkefni sem stuðla að virkni og félagslegri þátttöku ungs fólks í tómstunda- og æskulýðsstarfi.

Kom hrós v/reiðhallarinnar. Vel hugsað um hana, gott loft og snyrtilegt í alla staði.

Næsti fundur ákveðinn 28. febrúar kl 19.30, fundi slitið kl 21.10